

Skólaráð Naustaskóla

4. fundur ársins 2014 - þann 23. apríl 2014

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Halla Jóhannesdóttir

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Innritun nemenda.** Nýjustu tölur benda til að nemendur við skólann verði rétt um 350 næsta vetur, nýnemar í 1. bekk verði 44 talsins, hins vegar segir reynslan okkur að heildarfjöldi nemenda gæti aukist nokkuð í sumar. Úthlutaður kennslustundafjöldi fyrir skólaárið 2014-2015 miðast við 348 nemendur, skólastjóri hefur ítrekað lýst þeirri skoðun sinni að það sé óvarlega áætlað og þörf sé á að miða við hærri tölu, hins vegar höfum við ekkert í höndunum til að rökstyðja það nema bara tilfinningu fyrir því að fjöldinn muni aukast.
2. **Fyrirkomulag stjórnunar.** Kynnt erindi til skólanefndar þar sem greint er frá hvernig fyrirkomulag stjórnunar við skólann er hugsað frá hausti 2014 en þá mun verða bætt við deildarstjóra við skólann. Fyrst og fremst er verið að leita eftir kennslufræðilegum leiðtoga/ráðgjafa og hefur starfið þegar verið auglýst.
3. **Ráðningar starfsmanna.** Kynnt staða starfsmannamála, þörf fyrir ráðningar og fyrstu hugmyndir um uppstillingu í kennsluteymi. Um er að ræða nokkra áherslubreytingu að því leyti að reynt er að koma í auknu mæli fyrir „stuðningsaðila“ með hverju kennsluteymi, þ.e. festa aðild sérkennara eða þjálfva við teymi.
4. **Skólareglur.** Kynnt drög að skólasáttmála og fylgiskjölum, en í vetur hefur farið fram vinna við að útbúa texta og ferla sem samræmast stefnu skólans. Nokkrar umræður en góður rómur gerður að vinnunni.
5. **Önnur mál.**
 - a. **Möguleiki á námsveri.** Að ósk fulltrúa foreldra fóru fram nokkrar umræður um hvort að hægt sé að koma á fót námsveri við skólann. Tilfnið er að það er tilfinning sumra foreldra að ekki takist nægilega vel að koma til móts við nokkra nemendur inni á svæðunum og þeir taki of mikla athygli frá öðrum nemendum. Rætt um kosti og galla slíkra úrræða. Framhaldsumræða fyrirhuguð á næsta fundi.
 - b. **Notkun nemenda á eigin tölvum í skólanum.** Rætt um álit foreldra á þeirri stefnu að hvetja nemendur á unglíngastigi til að mæta með eigin far- eða spjaldtölvur í skólann. Engar athugasemdir gerðar við það.

Næsti fundur áætlaður mánudaginn 12. maí kl. 15:00.

Ágúst ritaði fundargerð.